



BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR
HAFNARFJÖRDUR MUSEUM

MINNISBLAÐ

TIL: HARALDUR L. HARALDSSON, BÆJARSTJÓRI
FRÁ: BJÖRN PÉTURSSON, HELGA STEFÁNSDÓTTIR
MÁLEFNI: RAFMINJASÝNING
DAGUR: 21.10.2015
CC:

Eftir fund með Reykdalsfélaginu sem haldinn var 29. september sl. var óskað eftir minnisblaði varðandi hvernig best væri að halda sögu rafvæðingar í Hafnarfirði best á lofti miðað við núverandi aðstæður.

Að okkar mati eru hugmyndir Reykdalsfélagsins um að koma á fót safni um sögu rafvæðingar í Hafnarfirði í rafstöðvarhúsinu Hörðuvöllum 1 ekki góður kostur til að halda þessari sögu á lofti. Staðsetning hússins og aðkoman að því er óheppileg fyrir safn og fá eða engin bílastæði eru á svæðinu. Húsið sjálft hentar ekki heldur vel fyrir safn en hefur þó engu að síður hátt varðveislugildi út frá merkilegri sögu þess.

Við vekjum athygli á að þessum hluta sögu Hafnarfjarðar er gerð skil á sýningum Byggðasansins í dag. Á fastasýningunni í Pakkhúsinu er sagt frá þessu auk þess sem Byggðasafnið setti upp fjögur söguskilti upp með læknum árið 2004 þar sem þessi saga er rakin. Skiltið sem stendur við Hörðuvallastífluna verður endurnýjað nú í vetur að loknum framkvæmdum þar. Þá setti safnið upp stóra þemasýningu um þessa sögu fyrir nokkrum árum. Saga rafvæðingarinnar fellur undir bæði söfnunar- og sýningastefnu Byggðasafnsins og er ekki þörf á að kljúfa hana frá sögu bæjarins með stofnun sérstaks safns.

Tillaga okkar er að í stað þess að setja á fót nýtt safn með fjárfrekum framkvæmdum á Hörðuvallahúsinu fái Byggðasafnið glerhýsið undir Lækjargötunni til fullra umráða og setji þar upp fasta sýningu. Mjög lítið þyrfti að gera í dag fyrir glerhýsið til að koma því í sýningahæft ástand. Þar yrði sett upp lífandi og skemmtileg sýning sem vekur áhuga og athygli á þessari sögu, sýning með vandaðri leikmynd og fræðandi textum og myndum sem bærarþáttur og gestir gætu skoðað á göngu sinni um svæðið. Hún þarf ekki að vera þung í rekstri þar sem ekki væri þörf á yfirsetumanni eða öðru starfsfólki þar. Hugmyndin gerir ráð fyrir sýningu, þar sem sett er upp leikmynd með eftirgerð af trésmiðaverkstæði og rafstöð auk spjalda sem sett verði upp fremst við glerið með myndum og textum sem varpa ljósi á sögu rafvæðingarinnar og frumkvöðlastarfs Jóhannesar Reykdal. Þar sem umhverfið í rýminu er óstöðugt út frá hitastigi og raka verður ekki notast við upprunalega gripi á sýningunni, heldur einungis eftirgerðir og leikmyndir. Ekki er gert ráð fyrir að gestir hafi aðgang inn í rýmið og ekki verður notast við margmiðlun að neinu tagi á sýningunni og dregur það úr kostnaði á móti.

Kostnaðaráætlun fyrir sýningu sem þessa veltur algerlega á umfangi hennar og gæðum. Sem dæmi má nefna kostar hver vaxmynd sem þolir aðstæður sem þessar um 340.000 kr. Með hönnun, endurgerð gripa, textavinnu og uppsetningu gæti sýning sem þessi kostað á bilinu 5-6 miljónir króna.